

Aðalfundur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2018

og hófst kl. 16:00 á Háalofti

Mætt voru:

Pórður Sverrisson - stjórnarformaður Hörpu
Vilhjálmur Egilsson - stjórnarmaður Hörpu
Arna Schram - stjórnarmaður Hörpu
Árni Geir Pálsson - stjórnarmaður Hörpu
Birna Hafstein - fráfaramandi stjórnarmaður Hörpu
Birgir Björn Sigurjónsson - fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Sigurður Björn Blöndal - formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar
Sigurður H. Helgason - skrifstofustjóri, fjármála- og efnahagsráðuneytið
Jón Gunnar Vilhelmsson - sérfræðingur, fjármála- og efnahagsráðuneytið
Auður B. Árnadóttir - skrifstofustjóri, mennta – og menningarmálaráðuneytið
Ásmundur Jónsson - formaður Listráðs
Þórunn Gréta Sigurðardóttir - TÍ
Hildigunnur Halldórsdóttir - FÍT
Svanhildur Konráðsdóttir - forstjóri Hörpu
Auður Árnadóttir - starfsmaður Hörpu
Berglind Ólafsdóttir - starfsmaður Hörpu
Karitas Kjartansdóttir - starfsmaður Hörpu
Ása Briem - starfsmaður Hörpu
Arngrímur Fannar Haraldsson - starfsmaður Hörpu
Hrannar Hafsteinsson - starfsmaður Hörpu
Gústaf A. Hermannsson - starfsmaður Hörpu

Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ebba Schram borgarlögmaður tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

2. Könnun á lögmati fundar

Til fundarins var fyrst boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins þann 11. apríl með auglýsingu í Fréttablaðinu og með tölvupósti. Af hálfu hluthafa mættu Sigurður H. Helgason með umboð frá fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með eignarhlut ríkissjóðs (54%) og Sigurður Björn Blöndal með umboð frá borgarstjóra sem fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar (46%).

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.


ES

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2017

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningurinn sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var samþykktur.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð

Stjórn lagði til að afkoma ársins yrði flutt yfir á næsta ár og að ekki yrði greiddur arður. Samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um 5 manna stjórn og að Þórður Sverrisson yrði kjörinn formaður stjórnar.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Þórður Sverrisson, formaður
2. Aðalheiður Magnúsdóttir
3. Arna Schram
4. Árni Geir Pálsson
5. Vilhjálmur Egilsson

9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykkta fyrir félagið.

10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun fyrir setu í stjórn Hörpu yrði hækkuð um kr. 7.500 eða um rúm 8% og verði 100.000 kr. á mánuði. Formaður fær tvöfalda þá þóknun. Tillaga samþykkt.

11. Önnur mál

Sigurður Björn Blöndal og Sigurður H. Helgason kvöddu sér hljóðs og þökkðu stjórn og forstjóra fyrir greinargóða kynningu og vel unnin störf í þágu félagsins.

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 16:40.



Ebba Schram fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir fundarritari